

Fundur í fræðslu og menningarráði fimmtudaginn 6. nóv. 2008

Guðni Örn Hauksson, Heiðrún Óladóttir, Soffía Björgvinsdóttir, María Guðmundsdóttir, Hilma Steinarsdóttir og Sólveig Óladóttir

1. Skýrsla skólastjóra Grunnskólans á Þórshöfn, Heiðrún greindi frá samræmdum prófum í 4. og 7. bekk sem fram fóru 16 og 17 okt, niðurstaða úr prófunum eru ekki komnar, foreldraviðtöl voru 6. okt
Félagsmálin eru komin í góðan farveg og sér Hanna Margrét um þau
3 nýjir nemendur eru væntanlegir í næstu viku
Dagur íslenskrar tungu verður haldinn þann 14 nóv og verður dagskrá á vegum skólans í Þórsveri.
Fulltrúi á vegum Menntamálaráðuneytisins kom vegna innra mats sem vinna þarf, og eru skólastjóri og áður nefndur fulltrúi komnir í samstarf vegna málsins.
2. Skýrsla skólastjóra Grunnskólans á Bakkafirði, María greindi frá því helsta sem verið hefur á döfinni sl. mánuð, þ.m.t samræmd próf breyting á nemenda skipan 1. kemur og 1 fer
3. Önnur mál, fyrirspurn kom hvort nefndin hefði markað sér stefnu vegna aukinna krafna frá menntamálaráðuneytinu um menntun kennara, umræður voru jákvæðar um málið, nefndin leggur til að skólinn haldi áfram að koma til móts við þá kennara sem áhuga hafa á að mennta sig frekar á þessu sviði.

Fleira ekki tekið fyrir